

Íslenska Stöðumat II

(Gengið út frá hæfniviðmiðum 4. bekkjar í Aðalnámskrá grunnskóla eins og hægt var, t.d. í málfræði og lesskilningsverkefnum)



Nafn _____ bekkur _____ skóli _____

Hvenær er stöðumat unnið _____

Lengd dvalar á Íslandi _____

Stafrófið

Hvaða stafi vantar inn í stafrófsröðina?

A, á, b, c, _____, _____, e, _____, f, g, _____, i, í, _____, k, _____, m, n., _____, _____, _____, r, s, _____, u, ú, _____, x, y, ý, þ, _____, _____.

Allir íslensku stafirnir skiptast í tvo hópa. Þeir heita sérhljóðar og _____

Manst þú eftir því hvaða stafir eru **sérhljóðar**? (þeir eru 14) _____

Hvað passar best saman? – Tengdu saman með strikum:

nafnorð	Jón og Geir eru vinir.
bókstafur	gleraugu
Samsett orð	hlaupa
tölustafur	vetur
málsgrein	9
sagnorð	B



Jákvæð orð og neikvæð orð

Hvort eru orðin hér við hliðina jákvæð eða neikvæð?



Frábær	
duglegur	
latur	
tannpína	
hamingja	
skítugur	

Samsett orð

Búðu til samsett orð og skrifaðu þau á línuna:

snjór + karl _____

fótur + bolti + skór _____

leikur + skóli _____

fjall + ganga + maður _____

Margræð orð

Orðið **horn** getur haft ólíka merkingu. Alveg eins og orðið **pera** getur bæði merkt



og



Getur þú teiknað myndir af einhverju sem **horn** getur merkt inn í rammann:



Samheiti og andheiti

Finndu **samheiti** orðanna

klaki	
gáfaður	
stúlka	
verslun	
skæla	

Finndu **andheiti** orðanna

ánægður	
bjartur	
hrópa	
Fyrir framan	
svangur	

Nafnorð skiptast í tvo flokka: Sérnöfn og _____. Ég veit að sérnöfn eru alltaf skrifuð með

_____.

Skiptu orðunum í nafnorð, sagnorð og lýsingarorð: lopapeysa – mjúkur – liðug – hrista – frímínútur – falla – leikrit – gleðjast – hræddur – brotna – feiminn - bílstjóri

nafnorð	sagnorð	lýsingarorð

Í íslensku skiptum við orðum í kyn. Þá getum við sagt **hann**, **hún** eða **það** um orðin.

Hvað heita kynin? _____, _____ og _____

Skiptu orðunum eftir kynjum: drengur – poki – veður – flaska – strokleður – bréfastemmi – vasareiknir – snjócoma – gleraugu – buxur – gítar – skæri.

Hann /þeir	Hún/þær	Það/þau

Orðin þurfa að vera í réttri röð. Raðaðu orðunum í rétta röð. Mundu að setningar byrja á _____ og enda á _____

Raðaðu orðunum í rétta setningu og skrifaðu á strikið fyrir neðan:

á	hver	bein?	stóra	þetta
---	------	-------	-------	-------

Setningin: _____

hans	svarti	beinið.	á	stóri	Sigga	hundurinn
------	--------	---------	---	-------	-------	-----------

Setningin: _____


Veldu **eina** mynd og skrifaðu sögu um hana (ef nem. treystir sér ekki til að skrifa er hægt að hafa þennan hluta munnlegan og kennari skrifar)



Hvað heitir sagan? 

Þú þarft líka að hugsa um **upphaf**, **meginmál** og **lokaorð**. **Mundu að skrifa heilar setningar og segja frá eins vel og þú getur.**

Leópold sirkusljón



Fyrri sýningin byrjar klukkan fjögur eins og til stóð. Það er uppselt, líka klukkan átta. Allt gengur vel til að byrja með, fílarnir leika listir sínar, loftfimleikafólkið er frábært, það hjólar á línum og snýst í marga hringi í loftinu, kona leikur á flautu á hestbaki, stendur meira að segja á haus á meðan. Áhorfendur skellihlæja að trúðunum og hundinum, krakkarnir fá íspinna og sælgæti í hléi, á meðan sýningarbúrin fyrir ljónin eru sett upp. Allir eru ánægðir – nema Leópold, aðalljónið í sirkusnum. Í dag ætlar hann út í frelsið hvað sem hver segir!

Hann lætur á engu bera til að byrja með, gerir allt sem hann á að gera, en bíður færís. Ljónin sýna frábæra leikni, stökkva gegnum logandi hringi, fara upp og niður stiga, steypa sér kollhnís, standa á einum fæti og raða sér upp í píramída. Leópold er efstur þótt hann sé stærstur. Skyndilega teygir hann úr sér og nær með framfótunum upp í þakið á búrinu. Áhorfendur hrópa og kalla af hrifningu, því þeir halda að þetta sé hluti af sýningunni.

„Þetta endar með ósköpum hjá honum, greyinu,“ segir gamla ljónynjan og klórar sér á bak við eyrað. Ungu ljónin eru dálítið smeyk, og kannski líka svolítið montin. Hann er einn af okkur, örugglega stærsta og sterkasta ljónið í öllum heiminum, hugsa þau.

Verkefni með sögunni um Leópold sirkusljón

<p>Á sýningunni klukkan fjögur</p> <p>___ eru engin sæti laus. ___ fá börnin ókeypis sælgæti. ___ gengur allt eins og í sögu.</p>	<p>Hver stendur á haus í sýningunni?</p> <p>___ fíll ___ kona ___ trúður</p>
<p>Á meðan ljónabúrin eru sett upp</p> <p>___ er gert hlé á sýningunni. ___ skellihlæja áhorfendurnir. ___ sýna trúðarnir listir sínar.</p>	<p>Hvenær eru ljónin á sviðinu?</p> <p>___ allan sýningartímann. ___ fyrri hluta sýningarinnar. ___ seinni hluta sýningarinnar.</p>
<p>Ungu ljónin eru montin af</p> <p>___ frammistöðu sinni. ___ Leópold. ___ píramídanum.</p>	

Vængjasláttur í þakrennum



Dúfnakofinn okkar var varla risinn upp úr jörðinni þegar Tryggvi bróðir kom hjólandi innan úr djúpum, hverfinu þar sem götunöfnin enda öll á djúp. Í kringum hann glamraði allt og glumdi því á stýri hjólsins héngu tvær ryðgaðar reiðhjólagaðir með teinum í.

Tryggvi var klæddur í rauðköflóttu skyrtuna sína. Hann var allur sóttugur í framan og alþakinn hvítum mávafjöðrum yfir axlirnar. Hann hafði verið niðrí fjöru með einhverjum strákum.



Þeir höfðu verið að fikta í kámugum skipaskrúfum slippskipanna og þrætt saman indjánabönd úr fuglafjöðrum þegar Tryggvi fann allt í einu ryðguðu gjarðirnar í fjörunni.

Tryggvi var hljóður. Hann vildi ekkert segja hvað hann ætlaði að gera við þessar úr sér gengnu reiðhjólagaðir heldur hvarf með þær inn í bílskúr og læsti á eftir sér og hengdi þær upp í snærisspottum áður en hann byrgði bílskúrgluggann og byrjaði að fínþússa gjarðirnar með sandpappír.

Í marga daga gleymdi hann sér alveg yfir gjörðunum, mataðist varla né svaf og hár hans stóð allt úti loftið. Það var engu líkara en hann ætlaði að verða ellidauður yfir gjörðunum þegar bílskúrshurðin opnaðist einn góðan veðurdag og Tryggvi kom út úr skúrnum með gljáfægt fuglabúr í höndunum; ryðgaðar reiðhjólagaðirnar höfðu tekið stakkaskiptum.

Verkefni með sögunni Vængjasláttur í þakrennum

<p>Hvað var nýbyggt í upphafi textans?</p> <p><input type="checkbox"/> bílskúr <input type="checkbox"/> hús <input type="checkbox"/> kofi</p>	<p>Hvers vegna glamraði í hjólinu?</p> <p><input type="checkbox"/> Götur var holóttar <input type="checkbox"/> Hjólið var gamalt <input type="checkbox"/> Gjarðirnar rákust saman</p>
<p>Hvernig voru skipaskrúfurnar?</p> <p><input type="checkbox"/> sjóblautar <input type="checkbox"/> skítugar <input type="checkbox"/> sleipar</p>	<p>Hvers vegna lokaði Tryggvi að sér?</p> <p><input type="checkbox"/> Hann skammaðist sín. <input type="checkbox"/> Til að fá frið til að vinna. <input type="checkbox"/> Til að fela sig.</p>
<p>„... hann <u>byrgði</u> bílskúrsgluggann...“ merkir að hann</p> <p><input type="checkbox"/> dró frá glugganum. <input type="checkbox"/> dró fyrir gluggann. <input type="checkbox"/> opnaði gluggann.</p>	

Matspættir

Málfræði

Helstu prófpættir: Stafrófið, skipting orða í no., so. og lo., að þekkja kyn orða og ýmsa eiginleika þeirra – eins og margræðni, samheiti, andheiti o.fl.

Auk þess bæti ég við þáttum sem oft reynast annars máls nemendum erfiðir, t.d. hvernig orð breytast eftir kynjum, að hafa tilfinningu fyrir skipan orða í setningar, þekkingu á hugtökum sem notuð eru í málfræði o.fl.

Ritun

Í ritun er boðið upp á valmöguleika til að auðvelda nemendum að skrifa eitthvað sem þeir geta tengt við. Þar koma einnig fram hugtök eins og upphaf, meginmál og lokaorð, nemendum til leiðbeiningar.

Lestur og lesskilningur

Hér eru tekin tvö textabrot úr samræmdum prófum fyrir 4. bekk.

Kafli úr bókinni **Vængjasláttur í þakrennum** eftir Einar Má Guðmundsson (1983). Hluti úr samræmdu prófi 2013.

Kafli úr bókinni **Leópolð sirkusljón hrellir borgarbúa** eftir Helga Guðmundsson (1998). Hluti úr samræmdu prófi 2015.

Mælt er með því að nemandi lesi textann upphátt til þess að kennari geti metið framburð, lesfimi og leshraða. Síðan svarar nemandi spurningum úr textanum.

Hér á eftir fylgir úrvinnslublað sem kennarar geta notað ef þeir vilja skoða heildarútkomu nemanda eða skrá hjá sér það sem nemandi kann eða kann ekki og þarf þá að rifja upp og fara betur í.

Hver og einn getur þó metið vægi þáttanna eins og honum best þykir.

Úrvinnslublað

Nafn _____

Málfræði (95 stig + stig f. margræð orð)

Prófpættir	Stig alls	Kunni	Kunni ekki	Stig alls
Stafrófið	13			
Sérhljóðar/samhljóðar	15			
Tengja saman hugtök	6			
Jákvæð/neikvæð orð	6			
Samsett orð	4			
Margræð orð	*			
Samheiti	5			
Andheiti	5			
Sérnöfn/samnöfn	2			
Orðflokkar	12			
Heiti kynja	3			
Skipta í kyn	12			
Orðaskipan í setningar	12			

* Eitt stig fyrir hverja merkingu orðsins

Ritun (30 stig)

Nafn á sögu	4			
Upphaf, meginmál, endir	6			
Orðaforði	10			
Uppbygging setn., stafsetn.	10			

Lestur og lesskilningur

Leópold sirkusljón

Að lesa upphátt - orð á mínútu				
• Sjálfvirkni	10			
• Nákvæmni	10			
• Lestrarlag	10			
Lesskilningsverkefni	10			

Læsisstefnan *Læsi er lykillinn*: (<http://lykillinn.akmennt.is/hvad-er-laesi/lesfimi/>)

Lesfimi:

- Sjálfvirkni vísar til þess hve hraður og fyrirhafnarlaus lesturinn er.
- Nákvæmni vísar til þess hve rétt er lesið.
- Lestrarlag snýr að hrynjandi og áherslum í lestri. Lesið með áherslum sem túlka innihald texta.

Vængjasláttur í þakrennum

Að lesa upphátt orð á mínútu				
• Sjálfvirkni	10			
• Nákvæmni	10			
• Lestrarlag	10			
Lesskilningsverkefni	10			